



## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mótun geðheilbrigðisstefnu Reykjavíkurborgar*

*Á fundi borgarstjórnar þann 1. febrúar 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar velferðarráðs:*

*Lagt er til að Reykjavíkurborg fyrst sveitarfélaga móti sér geðheilbrigðisstefnu varðandi geðrækt, forvarnir og þjónustu í geðheilbrigðismálum. Borgarráði verði falið að stýra vinnu við gerð stefnunnar. Áfangaskil af stefnunni verði tilbúin 1. maí ásamt tillögum um aðgerðir.*

**Umsögn:**

Við afgreiðslu tillögunnar í borgarstjórn þann 1. febrúar sl. lögðu borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fram svohljóðandi bókun:

*Lýðheilsa og lífsgæði eru lykiláherslur í framtíðarsýn og áherslum borgarinnar á öllum sviðum. Reykjavík er og á að vera sannkölluð heilsuborg, hvort sem litið er til andlegrar, líkamlegrar eða félagslegrar heilsu. Reykjavík hefur sett sér lýðheilsustefnu, velferðarstefnu og menntastefnu sem allar fjalla meðal annars um hvernig má styðja við geðheilsu og vellíðan borgarbúa. Eitt af markmiðum lýðheilsustefnunnar er að meta áhrif COVID-19 aðgerða og eftirkasta faraldursins á lýðheilsu með lýðheilsumati til að tryggja öryggi og heilsu borgarbúa og huga sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa. Því hefur verið fylgt eftir en sjálfsagt er að vísa þessari tillögu inn til velferðarráðs til meðferðar.*

Eins og fram kemur í bókuninni hefur Reykjavíkurborg sett sér lýðheilsustefnu, velferðarstefnu og menntastefnu sem allar fjalla meðal annars um hvernig má styðja við geðheilsu og vellíðan borgarbúa. Í Lýðheilsustefnunni kemur fram að mótuð verði forvarnaráætlun sem undirráætlun lýðheilsu- og velferðarstefnu undir forystu velferðarsviðs í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og önnur fagsvið borgarinnar. Lagt er til að tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks verði vísað til þeirrar vinnu og verði þar sérstök aðgerð í nýrri forvarnaráætlun.

Birt hafa verið til umsagnar drög að þingsáætlunartillögu heilbrigðisráðherra um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030. Fram kemur að straumar og stefnur í geðheilbrigðismálum á alþjóðavísu draga fram að það eru sameiginlegir hagsmunir þjóða að auka áherslu á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðisþjónustu. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er því gott innlegg í þá vinnu sem framundan er í mótun forvarnaráætlunar á grundvelli lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.